

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 12, 2025

Staður: Hvanneyri og Teams

Tími: þriðjudagur 16. desember 2025 kl. 13:15

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Haukur Þórðarson, Jóhanna Gísladóttir, Þóranna Jónsdóttir, Bragi Geir Bjarnason og Guðrún Tryggvadóttir. Kristín Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri var gestur fundarins undir liðum 1 og 2. Auður Lilja Arnþórsdóttir verkefnastjóri dýralæknánáms sat fundinn undir lið 3.

Forföll: Guðmundur Fertram Sigurjónsson og Birgir Þór Haraldsson.

Fundur settur 13:15.

Fjárlagafrumvarp, staða og áætlun 2026

Rekstraráætlun fyrir 2026 kynnt háskólaráði og umræða um breytingar á helstu tekju- og kostnaðarliðum. Áhrif frestunar jarðræktamiðstöðvar rædd.

Aukagreiðslur til starfsmanna

Samþykkt að veita eingreiðslu til starfsmanna sem eru meðlimir í stéttarfélaginu Sameyki og stéttarfélagi Vesturlands, þar sem þeir standa utan afkastahvetjandi pottarins sem veitt er úr í gegnum FÍN/BHM.

Rektor lagði til að umbuna starfsmönnum á einhvern hátt í lok árs. Umræða um gott rekstrarár og að það hafi verið mikið álag á fólki vegna manneklu. Ákveðið að veita starfsmönnum eingreiðslu til þess að þakka fólki fyrir vel unnin störf, en að mikilvægt sé að undirstrika að þetta sé ekki fyrirkomulag sem komið sé til að vera.

Dýralæknánám

Kynning og umræða um drög sem verkefnastjóri leggur fyrir fund. Mikil og góð umræða í kjölfar kynningarinnar um þarfir, lágmarks nemendafjölda, tengsl við fjármögnunarlíkan háskólanna, samstarf við SGGW og fleira.

Framtíðarsýn og áætlun vor 2026

Niðurstöður fundarraðar rektors með starfsmönnum í haust um framtíðarsýn skólans kynntar. Starfsmannafundur í gær þar sem niðurstöðurnar voru ræddar. Mikil tækifæri til að efla starf skólans.

Jarðræktarmiðstöð og rannsóknagróðurhús – hækkun áætlunar FSRE

Komið hefur í ljós að áætlun sem hafði verið samþykkt af SOF-nefndinni hafi verið vanáætluð, og að kostnaður væri um 40% hærri. FSRE leggur því til að allavega gróðurhúsið fari aftur fyrir SOF-nefndina. Lbhl hefur lagt til að jarðræktarmiðstöð verði

sett í forgang fáist ekki fjármagn í báðar framkvæmdir. Áhyggjur eru af því að framkvæmdirnar tefjist enn frekar.

Mál til kynningar

a. Gervigreindarstefna

Verið er að vinna að gervigreindarstefnu. Verður kynnt fyrir framkvæmdarstjórn á næsta fundi þeirra. Búið að kaupa nokkur leyfi af Copilot til prófunar. Verið að skoða hvort forsenda sé til þess að fjárfesta í gervigreindartólum í samstarfi við aðra háskóla á landinu.

b. 9 umsóknir sendar í Sóknarsjóð Rannís

Verið er að vinna einnig að undirbúningi að nýrri LIFE umsókn með Veðurstofunni og nýrra Horizon umsókna.

c. Breytingar í UNIGreen (SGGW hættir og tveir nýir háskólar koma inn)

Tekin var ákvörðun um að senda inn bréf til Euroleague um að verða associated partner í þeirra umsókn á nýju ári, án þess að draga okkur út úr UNIGreen.

Fundi slitið 15:09.